

## Helvíti

Þegar við erum lítil er helvíti ekki annað en orð sem við heyrum af vörum foreldra okkar. Síðar verður þetta hugtak flóknara, og þá byltum við okkur í rúminu þessar óendanlega löngu nætur unglingsáranna og reynum að slökkva elda sem brenna innra með okkur – vítisloga ímyndunaraflsins! Síðar meir, þegar við lítum ekki lengur í spegil af því að andlit okkar er farið að líkjast fési djöfulsins, renna hugmyndir okkar um helvíti saman við hræðslu hugsuðarins að því leyti að við tökum að lýsa þessum kvalastað og skrifa um hann. Og á efri árum, þegar helvíti er handan við hornið, tökum við því eins og hverju öðru hundsbiti og það vaknar jafnvel með okkur óþreyjufull löngun til að þjást í því skrattabæli. Og löngu síðar, þegar við stikum í heitasta helvíti, rennur upp fyrir okkur að við gætum jafnvel vanist aðstæðunum. Eftir þúsund ár spyr einhver áhyggjufullur andskoti okkur hvort við þjáumst enn. Við svörum því til að vaninn vegi þyngra en þjáningin. Loks rennur upp sá dagur að við megum yfirgefa helvíti en við afþökkum með öllu slíkt boð, því hver í ósköpunum gefur þægilegan vana upp á bátinn?

## Fjallið

Fjallið er þúsund metrar á hæð. Ég hef ákveðið að éta það, hægt og bítandi. Þetta fjall er eins og hvert annað fjall: þakið gróðri, grjóti, mold; dýr eru þar á vappi og jafnvel mannverur á ferð upp og niður fjallshlíðina.

Alla morgna grúfi ég mig yfir fjallið og tek að bryðja allt það sem fyrir mér verður. Og svona gengur það í nokkrar klukku-

---

1 Erla Erlendsdóttir þýddi.

stundir. Ég kem örþreyttur aftur heim og mig sárverkjar í kjálkana. Eftir stutta hvíld kem ég mér fyrir í anddyrinu og virði fjallið fyrir mér, umvafið bláma fjarlægðarinnar.

Ef ég hefði orð á þessu við nágranna minn er næsta víst að hann myndi skella upp úr eða álíta mig snargeggjaðan. En ég, sem veit mæta vel hvað er á seyði, sé glögglega að fjallið hefur breyst og lækkað. Og þá er gjarnan talað um jarðhræringar.

Sorglegast er að enginn mun nokkurn tíma trúá því að ég sé maðurinn sem át þúsundmetrafjallið.

## Andvaka

Maðurinn tekur snemma á sig náðir. Honum tekst ekki að sofna. Hann byltir sér í rúminu, eðlilega. Hann vefur um sig sængurfötunum. Hann kveikir sér í vindli. Les nokkrar línur. Slekkur aftur ljósið. En nær ekki festa svefn. Klukkan þrjú um nóttina fer hann á fætur. Vekur vin sinn sem býr við hliðina og segir honum að hann geti ekki sofnað. Biður hann um góð ráð. Vinurinn ráðleggur honum að fara í stutta gönguferð svo að hann verði þreyttur. Fá sér síðan bolla af heitu jurtatei og slökkva ljósið. Hann fer að ráðum vinarins en tekst ekki að sofna. Hann fer aftur á fætur. Í þetta sinn leitar hann til læknis. Eins og allajafna talar læknirinn mikið en maðurinn nær samt ekki að sofna. Klukkan sex að morgni hleður hann skambyssu og skýtur sig í hausinn. Maðurinn er dauður en honum tókst ekki að sofna. Andvaka getur verið þýsná þrálát.